

Hjúkrunarfræðingar

Eftirtaldar stöður við heilsugæslustöðvar eru lausar til umsóknar:

Við Heilsugæslustöðina á Þingeyri
Við Heilsugæslustöðina á Þórshöfn
Við Heilsugæslustöðina á Húsavík
Við Heilsugæslustöðina á Ólafsvík
Við Heilsugæslustöðina í Grundarfirði
Við Heilsugæslustöðina á Höfn í Hornafirði.

Laun samkvæmt launakerfi opinberra starfsmanna. Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf sendist heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið
9. maí 1977

Þjóðviljann

Vantar starfskraft, karl eða konu, á auglýsingadeild.

Sumarstarf eða framtíðarstarf.

Viðkomandi þyrfti að geta hafið störf sem fyrst.

Upplýsingar í Síðumúla 6



Hitaveita Akureyrar

Tilboð óskast í lagningu dreifikerfis áfanga I og II. Útboðsgögn eru afhent á tæknideild Akureyrarbæjar, Geislagötu 9 Akureyri gegn 10 þúsund króna skilaftryggingu. Tilboð í áfanga I verða opnuð á skrifstofu bæjarstjóra, Geislagötu 9, Akureyri, þriðjudaginn 24. maí 1977 kl. 14:00 eftir hádegi, en í áfanga II á sama stað þriðjudaginn 31. maí 1977 kl. 14:00 eftir hádegi.

Akureyri 5. maí 1977,
Hitaveita Akureyrar.

Múrarmeistari

getur bætt við sig nýbyggingum, þússningu, flisalögnum og viðgerðum.


Upplýsingar í sínum 20390 & 24954 milli kl. 12 og 1 og eftir kl. 19.00.

Blikkiðjan

Asgarði 7,
Garðahreppi

Önnumst þakrennusmíði og uppsetningu — ennfremur hverskonar blikksmíði. Gerum föst verðtilboð.

SÍMI 53468



Þessi teikning er eftir Kerry Kennedy, einn bresku myndlistarmannanna tólf sem verk verða sýnd eftir á Kjarvalsstöðum.

Bresk nútímalist á Kjarvalsstöðum

Dagana 14. maí-5. júní fer fram sýning á verkum listamanna frá Bretlandi í vestursal Kjarvalsstaða sem nefnist „12 breskir Listmálarar“. Fyrir sýningunni standa Listráð að Kjarvalsstöðum og Arts Council í Bretlandi og er hún án efa stærsta sýning á breskri nútímalist sem haldin hefur verið hér á landi, — og fyrstu meiriháttar menningarsamskipti Íslands og Bretlands eftir þorskastríð. Listamennina tólf valdi framkvæmdastjóri Listráðs, Aðalsteinn Ingólfsson, í samráði við breskan sérfræðing, Sue Grayson frá Serpentine Gallery í London, en sú stofnun er rekin af breska listaráðuneytinu. Mun Sue Grayson aðstoða við uppsetningu sýningarinnar. Verkin eru 100 talsins, allt frá

frummyndum gerðum með blýanti, vatnslitum eða krit og upp í 3x4 metra málverk.

Listamennirnir eru allir ungir að árum, frá 30-37 ára og tiltölulega nýlega farnir að láta bera á sér með sýningum og annarri starfsemi, en allir kenna þeir við listaskóla í Bretlandi. Þeir voru ekki valdir með það fyrir augum að gefa vitt yfirlit yfir breska myndlist, heldur þann hluta hennar sem enn grundvallast á notkun málningar og byggir bæði á amerískri arfleifð og enskri náttúrutúlkun með snert af geometríu. Listamennirnir eru: Colin Cina, Julian Cooper, Mike Crowther, Jennifer Durrant, Paul Hempton, Knighton Hosking, Kerry Kennedy, Barry Martin, Alan Miller, Alex Thomson,

David Whitaker og Tony Wilson, — en í hópnunum eru englendingar, skotar, ír og einn ástralíumabur.


Í sambandi við sýninguna mun Listráð gefa út vandaba sýningararskrá, þar sem einn listmálaranna, Barry Martin, gerir grein fyrir viðhorfum sínum og félaga sinna, en annar listamaður, Colin Cina, mun flytja fyrirlestur sunnudaginn 15 maí um breska málara og höggmyndalist eftirstrísáranna og Hamrahlíðarkórinn undir stjórn Þorgeðar Ingólfssdóttur mun m.a. flytja breska tónlist.

Sýningin verður opnuð laugardaginn 14. maí kl. 16, af sendiherra Bretland á Íslandi, hr. Kenneth East.

Út er komið ritið Náttúruverkur, 1. töl. 4. árg. Náttúruverkur er blað í verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands. Efni þess er að þessu sinni mikið til helgað þeim umræðum sem standa yfir um stóriðju í landinu auk þess sem Krafla fær sinn skerf.

Blaðið er hið veglegasta, 80 síður að stærð og mjög myndskreytt. Eru m.a. í því fjölmargar myndir eftir hinn snjalla teiknara Kolbein Arnason sem hefur mikið teiknað í þágu baráttu námsmanna undanfarin ár.

Lengsta greinin í ritinu er Samræður um vistkreppu en þar er um að ræða hringborðsumræður



Náttúruverkur

kominn út — Fjallar um stóriðju á Íslandi

með þátttöku Bjarna Braga Jónssonar hagfræðings, Hjörleifs Guttormssonar líffræðings, Jakobs Björnssonar orkumálastjóra, Jakobs Jakobssonar fiskifræðings og Þorsteins Vilhjálmssonar eðlisfræðings.

Starfshópur á vegum Félags náttúrufræðinema tekur til gagnrýnnar meðferðar frumvarp til

laga um umhverfisvernd, Viðar Guðmundsson þýðir grein sem nefnist Þarfnast vísindin alþjóðamáls? Emil Bóasson ritar Hugleiðingu um ruslauga. Gyli Páll Hersir fjallar um fagrýni innan verkfræði- og raunvísindadeildar. Erlendur Jónsson og Lárus Guðjónsson fjalla um eit-

í Náttúruverk er ma. að finna þessar tvær skemmtilegu myndir eftir Kolbein Arnason um þegar framin og hugsanleg lögbrot bandaríska hersins á Miðnesheiði.

uráhrif cyans en það efni er ma. í kerbrotum álversins. Sigmar Hjartarson skrifar greinina Al á hvern fjörð. Þorgeir Helgason tekur til meðferðar lélega þjónustu strætisvagna. Loks er í ritinu ýtarleg grein um Kröfluævintýrið eftir þá Össur Skarphéðinsson og Halldór Pétursson. —PH